



SIGLINGASTOFNUN

Alþingi

Erindi nr. P 133/149

komudagur 7.11.2006

Minnisblað

Til: Samgöngunefndar Alþingis
Frá: Siglingastofnun Íslands
Dags: 07.11.2006
Varðar: Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007

-
- Áætluð gjöld Siglingastofnunar eru 915 m.kr en þar af renna 205 m.kr. til Vaktstöðvar siglinga og 109 m.kr. til sjóvarnargarða. Áætluð gjöld Hafnabótasjóðs eru 519 m.kr. en stærsti hlutinn, 492 m.kr., rennur til hafnarmannvirkja. Á fjárlögum 2004 voru 1.061 m.kr. til hafnarmannvirkja, 1.025 m.kr. árið 2005 og 817 m.kr. árið 2006.
 - Í greinargerð með frumvarpinu er greint frá sérstakri ákvörðun ríkisstjórnar um frestun 100 m.kr. framlags til hafnarmannvirkja til ársins 2008. Að auki er 5% eða 25 m.kr frestun á sama lið. Samtals nemur frestun á þessum lið 125 m.kr.
 - Frestun á liðnum vitabyggingar er 1 m.kr. og á liðnum sjóvarnargarðar 5,5, m.kr.
 - Áætluð framlög til rekstrar 2007 eru í aðalatriðum í samræmi við gildandi samgönguáætlun. Þó vantar uppá verðbætur á liðinn Vaktstöð siglinga.
 - Ef standa á við áform um að höfn í Bakkafjöru verði tilbúin árið 2010 þarf að fást fjárveiting til rannsókna og undirbúnings á árinu 2007. Ekki er að finna nein framlög til þessa verkefnis í frumvarpinu.
 - Með tilkomu nýrra Breiðafjarðar- og Grímseyjarferja þarf að bæta hafnaraðstöðu. Ekki verður hægt að verða við óskum þar að lútandi (40 m.kr. viðbót á liðinn Hafnarmannvirki og 20 m.kr. viðbót á liðinn Ferjubryggjur).
 - Í greinargerð með fjárlagafrumvarpinu 2007 er á bls. 401 að finna töflu, er sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka samgönguráðuneytisins árin 2007 til 2010. Tölunum fyrir árin 2007 og 2009 ber vel saman við gildandi áætlanir að teknu tilliti til þeirra breytinga sem að framan greinir. Hins vegar virðist vanta 138 m.kr. inn í spána fyrir árið 2008.
 - Vert er að minna á að skv. núgildandi hafnalögum með áorðnum breytingum breytast reglur um þátttöku ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum í årsbyrjun 2009 og því er ekki unnt að fresta þorra framkvæmdanna lengur en til ársins 2008 nema því einungis að breyta hafnalögunum að nýju.
 - Sökum þess að teknar hafa verið ákvarðanir um að fresta ýmsum hafnarframkvæmdum sem eru inni á samgönguáætlun og hægja á öðrum þá standa inni verulegar upphæðir ónotaðra fjárveitinga. Gera þarf ráð fyrir verðbótum á þessar fjárveitingar þegar kemur að því að vinna þau verkefni, sem þær eru ætlaðar til.

Fjárbörf (styrkir) til almenningsamganga, þ.m.t. ferjur, sérleyfi og innanlandsflug árið 2007

Fjárhæðir í m.kr.

	2007
Ferjur	
Rekstrarstyrkir	
Vestmannaeyjaferja	233
Breiðafjarðarferja	92
Vigur-Æðey	7
Hríseyjarferja	50
Grímseyjarferja	175
Styrkir	50
Nýtt skip	125
Mjóifjörður	7
Norðurfjörður	1
Sameiginlegt	5
Skuld frá fyrri árum	70 *
Samtals styrkir ofl.	640
Ferjur samtals	640
Sérleyfi	
Suðurland	57
Reykjanes	12
Vestur- og Norðurland	87
Vestfirðir	9
Austfirðir	25
Sérleyfi samtals	190
Ferjur og sérleyfi samtals:	830
Innanlandsflug	
Norðursvæði	47
Vestfirðir, Sauðárkr., Höfn	117
Vestmannaeyjar	71
Sameiginlegur kostnaður	5
Styrkir til innanlandsflugs	240
Almenningsamg. samtals	1.070

* Ætlunin að ná inn skuld frá fyrri árum í skrefum vegna þess að þrátt fyrir ítrekaðar óskir hafa engin framlög komið á fjárukálögum vegna þessara skulda.